

LÍS

Landssamtök íslenskra stúdenta
The National Union of Icelandic Students
Established 2013



Reykjavík, 1. apríl 2018

Umsögn Landssamtaka íslenskra stúdenta vegna nýrra úthlutunarreglna Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN) 2018 - 2019

Eitt helsta baráttumál LÍS - Landssamtaka íslenskra stúdenta er að hlutverk LÍN sem félagslegur jöfnunarsjóður sé eflt og að LÍN starfi sem slíkur. Til þess að geta sinnt því hlutverki er brýnt að gætt sé að sveigjanleika og að komið sé til móts við stúdenta. Raunin er sú að þörfum stúdenta hefur ekki verið sinnt síðastliðin ár og stúdentar því þurft að sætta sig við skertan hlut. Krafa LÍS er að úr því verði bætt hið fyrsta og að stúdentum séu boðin betri kjör hjá LÍN. Þann 13. febrúar síðastliðinn birtu LÍS áherslur vegna yfirvofandi breytinga á Lánasjóðnum þar sem tekið er á lögum um LÍN og úthlutunarreglum og þeim úrbótum sem stúdentar fara fram á til þess að starfsemi LÍN sé viðhlítandi.

LÍS eru vonsvikin með nýjar úthlutunarreglur 2018 - 2019 en ekki er komið til móts við þarfir stúdenta og sitja kjör þeirra enn aftur á hakanum.

Það hefur verið áhersla stúdenta að skilyrði um lánshæfi séu endurskoðuð og því fagna LÍS að með nýjum úthlutunarreglum öðlist flóttafólk rétt á námslánnum hjá LÍN. Er þetta veigamikilið skref í átt að því að tryggja aðgengi þeirra að háskólanámi.

Einnig er skref í rétta átt að framfærslugrunnur stúdenta hækki úr 92 % í 96 % af reiknaðri framfærsluþörf. Þó er eðlileg krafa LÍS að framfærsla verði hækkuð í að minnsta kosti 100 %, þar sem það er óásættanlegt að ætlast sé til þess að stúdentar standi undir reiknaðri framfærsluþörf. Þá krefjast LÍS þess að markvisst sé unnið að því að hækka framfærslu í samræmi við framfærslu annarra samfélagshópa eða lágmarkslaun.

Það eru vonbrigði að hvorki frítekjumark né skerðingarhlutfall framfærslu, þegar árstekjur fara umfram frítekjumark, breytist á milli ára. Þá eru einnig engar breytingar gerðar á frítekjumarki þeirra er koma úr námshléi. Mögulegt er að sækja um þreföldun en vilji stúdenta er að því sé breytt í fimmföldun. Frítekjumark ætti að hækka í samræmi við launaþróun og vera sambærilegt því sem tíðkast á Norðurlöndunum. Þá má nefna að í Danmörku og Noregi er frítekjumark meira en tvöfalt hærra en héraendis. Sömuleiðis vilja LÍS að skerðingarhlutfall framfærsluláns verði lækkað úr 45 % niður í 35 %.

Lánshæfum einingum er ekki fjölgað á milli ára og haldast sem 480 ECTS. Mikilvægt er að fjölga lánshæfum einingum þannig að stúdentar njóti svigrúms til að stunda fjölbreytt nám og eigi þess kost að skipta um námsleiðir óski þeir þess, innan eðlilegra marka. Jafnframt er aukning lánshæfra

eininga mikilvæg til þess að styðja við stúdenta sem verða að þreyta samkeppnispróf oftar en einu sinni fyrir inngöngu í ákveðnar greinar. Sveigjanleiki í námi stuðlar ekki aðeins að aukinni vellíðan heldur fjölbreyttari og öflugri einstaklingum fyrir atvinnulífið og samfélagið í heild.

Fulltrúar stúdenta í stjórn LÍN gagnrýndu vinnubrögð mennta- og menningarmálaráðherra í tengslum við breytingar á úthlutunarreglunum [með yfirlýsingu](#). LÍS eru óánægð og agndofa, enda ekki lýsandi fyrir það samráð við stúdenta sem ráðherra hefur talað fyrir. Með slíkum vinnubrögðum lítilsvirðir ráðherra þá vinnu sem hefur átt sér stað innan stjórnar LÍN og það samtal sem hefði með réttu átt að eiga sér stað á milli ráðherra og stjórnar LÍN. LÍS taka undir með fulltrúum stúdenta í stjórn LÍN að það verður að teljast óeðlilegt að stjórnin fái innan við klukkutíma til að taka afstöðu til breytinga ráðherra á tillögum þeirra.

Það er mat LÍS að breyttar úthlutunarreglur séu ekki sú kjarabót sem stúdentar þarfnast og hafa kallað eftir. Stúdentar berjast endurtekið fyrir bættem kjörum hjá LÍN en lítið sem ekkert breytist milli ára. LÍS vona og krefjast þess að hlustað verði betur á rödd stúdenta við áframhaldandi vinnu innan LÍN og í nýskipaðri verkefnastjórn um endurskoðun á lögum um LÍN, þannig að loforð um raunverulegt samráð við stúdenta verði efnt og kjör stúdenta loks bætt. Lánasjóður íslenskra námsmanna er til fyrir tilstilli stúdenta og ber því að koma til móts við þá.